


Ferðamálaráð Íslands



Icelandic Tourist Board

Alþingi

Erindi nr. P 127/1782

komudagur 10.4.2002

Reykjavík 8. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands, 199. mál.

Þegar litið er til eflingar ferðaþjónustu í atvinnulífinu þá er það skoðun ráðsins að raunhæfasta aðgerðin um þessar mundir til eflingar hennar á landbyggðinni sé stóraukið almennt átak í kynningarmálum bæði á erlendum mörkuðum og innanlands. Stærsta vandamál ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni er ónógur fjöldi ferðamanna til að hægt sé að reka fyrirtækin allt árið með ásættanlegri arðsemi.


Ferðamálaráð telur að aukið almennt átak til eflingar ferðaþjónustu komi öllum landsvæðum betur en átak til eflingar einum landshluta eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Sé það vilji Alþingis að ráðist verði í gerð áætlunar um eflingu ferðaþjónustu í einum landshluta er það skoðun Ferðamálaráðs að vinna skuli slíkar áætlanir fyrir fleiri landshluta samhliða.

Sú stefnumótun sem unnið er nú eftir í ferðaþjónustu hefur það að markmiði að vinna að auknum umsvifum atvinnugreinarinnar um allt land allt árið.

Virðingarfyllst,

Ferðamálaráð Íslands,


Magnús Oddsson
ferðamálastjóri